

# Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgefandi: Árvakur hf., Reykjavík.

Forstjóri: Einar Sigurðsson.

Ritstjóri: Ólafur P. Stephensen.

Útlitsritstjóri: Aðstoðarritstjóri:

Árni Jörgensen. Karl Blöndal.

## Afglöp og afsagnir

**B**jarni Harðarson, fyrrverandi þingmaður, er maður að meiri að hafa sagt af sér þingmennsku eftir að upp komst um þá ráðagerð hans að koma Valgerði Sverrisdóttur, varaformanni Framsóknarflokksins, í klípu.

Klúður Bjarna var klaufalegt og kjánalegt; hann bað aðstoðarmann sinn að búa til nafnlaust netfang svo senda mætti skammir um Valgerði á fjölmiðla án þess að unnt væri að rekja uppruna tölvupóstsins. Í ógáti sendi hann svo skeytið á fjölmiðla!

Eftir þetta var Bjarna varla sætt í þingflokki Framsóknarmanna. Ekki fór hann einasta á bak við varaformanninn, heldur bað hann aðstoðarmann sitt að vinna verk, sem við verðum að vona að séu ekki í hefðbundnum verkahring fleiri aðstoðarmanna þingmanna.

Bjarni hefur axlað sína ábyrgð. Það er fremur fátítt í íslenskum stjórnmálum. Þáttaskil urðu 1994, þegar Guðmundur Árni Stefánsson sagði af sér embætti heilbrigðis- og tryggingaráðherra eftir að Ríkisstjórnarskiptun taldi meðferð hans á almannafé aðfinnsluverða. Eftir það mátti ætla að ráðherrar, þingmenn og æðsta stjórn-sýsla ríkisins myndi búa við

**Eftir því sem fleiri segja af sér, verður til skýrara fordæmi og þrýstingurinn eykst**

ríkara aðhald en áður af hálfu eftirlitsstofnana, almenning og fjölmiðla. Og raunar hafa nokkrir kjörnir fulltrúar sagt af sér eftir

það.

Árni Johnsen sagði af sér þingmennsku 2001 eftir að upp komst að hann notaði almannafé í eigin þágu og sagði almenningi ósatt um málið. Hann átti afturkvæmt á Alþingi. Björn Ingi Hrafnsson borgarfulltrúi sagði af sér í fyrria, eftir fatakaupamálið svokallaða. Björn Ingi játaði reyndar aldrei að hann hefði gert mistök, heldur rökstuddi afsögn sína með því að aðrir hefðu verið vondri við hann.

Til þessa hafa fáir íslenskir stjórnmálamenn axlað ábyrgð á afglöpum sínum með því að segja af sér. Í ýmsum nágrannaríkjum okkar, t.d. annars staðar á Norðurlöndunum og í Bretlandi, eru afsagnir miklu algengari. Ráðherrar segja t.d. af sér jafnvel þótt þeir sjálfir hafi ekkert gert rangt, heldur axla þeir ábyrgð á gerðum undirmanna sinna.

En eftir því sem fleiri segja af sér verður til skýrara fordæmi og meiri þrýstingur á að stjórnmála- og embættismenn segi af sér vegna alvarlegra mistaka. Margur í þeim hópi hefur klúðrað stærra verkefni en að senda tölvupóst.

## Aðþrengdir Íslendingar

**L**eit íslenskra yfirvalda eftir erlendum lánum er að breytast í eina hringavitleysu sem helst minnir á frá-

sögn úr Góða dátanum Svejk. Í lok október var gengið frá frumsamkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um tveggja ára lán að andvirði 2,1 milljarður Bandaríkjadollara. Í frétt um samkomulagið á heimasíðu sjóðsins segir að þegar stjórnendur hans hafi farið yfir það verði hægt að taka það fyrir í framkvæmdastjórn hans, fá samþykki í byrjun nóvember og þá fái Íslendingar strax angang að 833 milljónum dollara.

Haft er eftir Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóra sjóðsins, að Íslendingar hafi sett saman metnaðarfulla efnahagsáætlun. „Ég held að þessi öflugra áætlun réttlæti þennan mikla aðgang að fjármagni sjóðsins – jafngildi 1.190% af kvóta Íslands í IMF – og verðskuldi stuðning alþjóðasamfélagsins.“

En svo kom babb í bátinn. Lánsfjárbörf Íslendinga er um þreföld sú upphæð, sem stendur til boða hjá gjaldeyrissjóðnum,

**Leitin eftir lánafrirgreiðslu er ein hringavitleysa**

og það fé þarf að fást annars staðar. Þegar hafa fengist viljrði fyrir lánum frá einstaka ríkjum, en þjóðir á borð við Svía segja hins vegar að ekki sé hægt að ganga frá slíkum lánum fyrr en gengið hafi verið frá láninu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vill hins vegar ekki afgreiða sitt lán fyrr en gengið hefur verið frá hinum lánunum eins og segir í svari frá sjóðnum við fyrirsögn Morgunblaðsins: „Fjármögnun áætlunarinnar þarf að vera að fullu lokið áður en hægt er að leggja hana fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins.“

Þessi skilyrði virðist vera útilokað að uppfylla. Ef Svejk hefði verið að rekja þessa sögu hefði hann endað á að spyrja: Hvaða ár dó amma dyravarðarins? Íslendingar hafa hins vegar sjaldan verið jafn aðþrengdir á alþjóðavettvangi og á þeim brenna aðrar og veigameiri spurningar um þá óskiljanlegu stöðu, sem blasir við þjóðinni. Stjórnvöld skulda svör við þessum spurningum svo að ljóst sé hverjir kostirnir eru.

# Lagaleg og pólitísk ábyrgð vegna FME



## FRÉTTASKÝRING

Eftir Önnud Pál Ragnarsson  
onundur@mbl.is

**F**jármálaeftirlitið er líklega valdamesta einstaka ríkisstofnunin utan ráðuneyta, eftir setningu neyðarlaga 6. október sl. Þótt stofnlög þess séu um „opinbert eftirlit með fjármála- starfsemi“ starfar FME og fær valdheimildir skv. fjölmörgum sérögum. Hlutverk þess er að aðgæta hvort fyrirtæki fari eftir lögum og að starfsemi sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

## Ráðherrastjórnsýsla á Íslandi

Oft hefur komið fram að FME er sjálfstæð stofnun. En hvað þýðir það og hver ber endanlega ábyrgð á störfum hennar? Er það viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, stjórnendur FME, eða kannski enginn? Hér á landi byggist stjórnkerfið á „ráðherrastjórnsýslu“. Hver ráðherra er þá yfirmaður síns mál- efnasviðs. Hefur stjórnsýslulegt, stjórnunarlegt og rekstrarlegt forræði yfir sínu ráðuneyti og öllum stofnunum undir því. Skiptir sér t.d. af rekstri og getur snúið ákvörðunum þeirra. Stjórnkerfið er byggt upp sem stigveldi, með æðsta vald hjá ráðherra. Fyrirmyndina að þessu er að finna í Danmörku. Þessu fylgja mikil völd ráðherra og ætti að fylgja jafnmikil ábyrgð, bæði lagaleg og pólitísk.

En frá þessu eru undantekningar, sjálfstæðar stofnanir og stjórnsýslunefndir. Fjármálaeftirlitið fellur í þann flokk, enda hefur þótt nauðsynlegt að takmarka pólitísk afskipti af svo valdamikilli stofnun. FME heyrir undir viðskiptaráðherra en telst þó sjálfstæð stofnun. Það hefur þrjúgjanna manna stjórn sem ræður forstjóra. Almenna reglan er að eftir því sem boðvald ráðherra yfir stofnun er aftengt með þessum hætti, þá aftengt lagaleg ábyrgð hans á stofnuninni í samræmi við það. Par með er hins vegar ekki sagt að pólitísk ábyrgð aftengt, hún getur eftir sem áður verið mikil.

Það er skýrt í lögum að við-



Morgunblaðið/Golli

**Yfirvöldin Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra á ársfundi Fjármálaeftirlitsins árið 2007.**

skiptaráðherra endurskoðar ekki ákvarðanir FME. Peim verður bara skotið til dómstóla. Að sama skapi gefur ráðherra stofnuninni ekki fyrir- mæli nema hann hafi sérstaka heimild til þess í lögum. Skv. upplýsingum úr viðskiptaráðuneytinu eru engar slíkar heimildir í lögum. 16. október 2007 sagði viðskiptaráðherra í ræðu á Alþingi að staða fjármálaeftirlitsins sem sjálfstæðs stjórnvalds leiði til þess „að ráðherra ber hvorki pólitíska ábyrgð né ráðherraábyrgð á slíku sjálfstæðu stjórnvaldi“.

## Pólitísk ábyrgð fyrir hendi

Fleira felst hins vegar í boðvaldi ráðherra. T.d. rétturinn til að krefjast upplýsinga og hafa eftirlit með starfsemi. Þetta boðvald er ef til vill einnig takmarkað, en ráðherra getur þó alltaf skipt um stjórn FME ef honum mislíkar stefnan. Par liggur ótví- rætt vald hans.

Hér þarf að nefna að ráðherra hefur líka eftirlitsskyldur skv. lögum um Stjórnarráð Íslands, nánar til tekið 9. grein. Í skýrslu um starfsskiptir stjórnvalda, sem unnin var fyrir forsætisráðuneytið árið 1999 og lögð fyrir Alþingi, er fjallað um þetta. Par segir að vafi leiki á því hvort sjálf- stæðar stofnanir falli undir eftirlit ráðherra, en þar sem lögum um Stjórnarráð Íslands taki til allra stjórnarmálaefna ríkisins, þ.m.t. þeirra sem heyrna undir sjálfstæðar stofnanir, sé það nærtækast að eftirlitsskyldan taki til allra stjórnvalda. Orðalag stjórnarskrárinnar um völd ráðherra styðji einnig þá niðurstöðu. Ef svo er hlýtur pólitísk ábyrgð ráð- herra að vera einhver, hafi Fjármála- eftirlitið brugðist á einhvern hátt.

## VOLDUG STOFNUN



**JAFNVEL fyrir setningu neyð- arlaganna hafði Fjármálaeftirlitið víðtækur heimildir til eftirlits. Stofnunin gat krafist aðgangs að öllu bókhaldi eftirlitsskyldra fyrirtækja, fundargerðum, skjölum og hvaða gögnum sem hún taldi nauðsynlegt að fá. Hún gat staðið fyrir vettvangsferðum og óskað eftir upplýsingum á þann hátt, þegar og svo oft sem hún vildi. Með neyð- arlögnum fékk hún hins vegar nánast óskertar heimildir til að ráð- stafa réttindum og skyldum fjár- málaeftirlitstækja.**

**Pau fyrirtæki, sem FME hefur eftirlit með, eru viðskiptabankar, fjárfestingabankar, sparisjóðir og lífeyrissjóðir. Einnig váttrygginga- félög og váttryggingamiðlarar, verðbréfaþjónustufyrirtæki, verðbréfamistöðvar, verðbréfasjóðir og rekstrarfélög þeirra, Kauphöllin og innlánadeildir samvinnufélaga.**

## Að tala við fólkið

**H**ópur fólks hefur gert það að venju sinni undanfarið að fara í laugardagssþáspítúr á Austurvöll með missmekkleg kröfu- spjöld til að krefjast þess að stjórnvöld segi skilmerkilega frá því hvaða aðgerða sé að vænta eftir bankahrunið skelfilega. Langflestir halda sig þó heima í von um að stjórnvöld séu að leysa vandann á vitrænan hátt.

Stjórnvöld hafa haldið þó nokkra blaðamannafundi og telja sig þannig vera að sinna upplýsingaskyldu sinni. En það er ekki sama hvað sagt er eða hvernig það er sagt. Svörin á blaðamannafundunum eru ekki skýr og það hvarflar að þjóðinni að ráðamenn viti ekki almennilega hvað þeir eigi að gera og að svokallaðar lausnir þeirra séu bara fál. Og þegar hver hagfræðingurinn á fætur öðrum kemur fram í fjölmiðlum með lausnir sem virka samfærandi en stjórn- völd virðast ekki hafa nokkurn áhuga á þeim, þá er ekki skýrt að þjóðin verði svolítið hrædd.

Ráðamenn þjóðarinnar verða að má af sér þreytu- og þirringssvipinn sem er að festast við þá. Þessi svipur segir þjóðinni það eitt að ráðamönnum gremjist að þurfa að eiga orðastað við þjóð sína, þeir hafi engan tíma til þess því þeir séu að sinna merkilegri erindum. Og sjálfsagt þurfa ráðamennirnir að vakna snemma og fara seint að sofa og örugglega eru þeir allan daginn meira og minna á mikilvægum fundum og undir gróðarlegu álagi. En þrátt fyrir allt þetta verður að gera þá kröfu til þeirra að þeir muni að

## Pistill



Kolbrún Bergþórsdóttir

þeir eru í vinnu fyrir þjóðina. Og það er hluti af starfsskyldu þeirra að tala almennilega við fólkið sem þeir eru að vinna fyrir.

Því miður er það svo að Íslendingar eiga engan stjórnmalaskörung sem stappað getur stálinu í þjóðina á erfðum tímum. Stjórn- arandstaðan hefur alls ekkert til málanna að leggja og ljóst er að þar á bæ gætu menn engan veginn brugðist við ástandinu. Það er staðreynd að skástu stjórnmálamenn þjóð- arinnar sitja í ríkisstjórn. En samt skila ekki einu sinni þeir hlutverki sínu svo sómi sé að. Meira að segja forsetinn – sem á vísit að heita sameiningartákn þjóðarinnar – heldur sér til hlés. Kannski sýnir það pólitísk klókandi hans. Ef hann stigi fram yrði hann örugglega rækilega minntur eina ferðina enn á útrás- arlofæðurnar sem nú eru orðnar tragikóm-

iskar.

Það er til vitnis um langlundargeð þjóðarinnar að hún hefur ekki enn fjölmennat á Austurvöll til að mótmæla ástandinu. Nokkur þúsund manns eru ekki stórkostlegur fjöldi í mótmælum vegna efnahagshruns. Þjóðin hefur greinilega ákveðið að gefa ráðamönnum tóm til að leysa úr öllum flækjunum eftir því sem hægt er. Ráðamenn ættu að þakka fyrir þetta svigrúm og launa fyrir sig með því að halda þjóðinni upplýstri. En af einhverjum ástæðum hafa þeir ekki sinnt þeirri sjálfsögðu skyldu. Taki þeir sig ekki á mun þjóðin fyrr en síðar missa þolinmæðina.

kolbrun@mbl.is

## Kristinn



**Gefandi** Það er gefandi að gefa, þótt lítið sé. Næsta víst er að þessi fugl og fleiri hafi tekið brauðinu fagnandi sem vegfarandi gaf sér tíma til að gauka að þeim. Munum öll eftir fuglunum.

## ESB og evra – óskhyggja og raunveruleiki

Eftir Birgi Ármannsson

PANN 31. október skrifaði ég grein hér í blaðið þar sem ég lagði til að bæði stuðningsmenn og andstæðingar aðildar Íslands að ESB og myntbandalagi Evrópu sameinuðust um það markmið að Ísland uppfyllti hin svokölluðu Maastricht-skilyrði um efnahagslegan stöðugleika og hæfust handa við að móta og skilgreina leiðir að því markmiði. Benti ég á að þótt menn greindi á um afstöðuna í Evrópumálum væri öllum ljóst að það væri lífsspursmál fyrir íslenskt efnahagslíf að ná stöðugleika og Maastricht-skilyrðin fælu í sér skynsamlegar viðmiðanir í því sambandi. Sjálfsgagt væri og nauðsynlegt að Evrópu-umræðan heldi áfram, kostir og gallar væru ræddir fordómalaust, en meira vit væri í að hefja þegar vinnu við að ná þeim markmiðum sem við ættum sameiginleg heldur en að knýja fram á næstunni niðurstöðu í þeim málum sem sundra okkur.

Í Reykjavíkurbréfi blaðsins frá 1. nóvember er víkið að þessum sjónarmiðum mínum og þrenns konar rök færð fram gegn þeim. Í fyrsta er fullyrt, án frekari skýringa, að tími biðleikja á þessu sviði sé liðinn eftir fjármálahrúnið nú á haustdögum. Í öðru lagi er nefnt að aðildarumsókn myndi fela í sér sterkari skuldbindingu til að ná Maastricht-skilyrðunum en ella og að með aðild að ESB fengi Ísland stuðning ESB og Seðlabanka Evrópu til að halda genginu stöðugu en utan sambandsins sé slíkan stuðning ekki að hafa. Í þriðja lagi er nefnt í Reykjavíkurbréfinu að þar sem mikill stuðningur sé við upptöku evru í skoðanakönnunum sé í sjálfu sér ekki ástæða til að hafa áhyggjur af klofningi þjóðarinnar í andstæðar fylkingar í þessum efnunum.

**Evra í fyrsta lagi eftir 4 til 6 ár**

Um öll þessi atriði má auðvitað hafa langt mál. Höfundur Reykjavíkurbreðs er að sjálfsgöðu velkomið að



Birgi Ármannsson

kalla tillögu mína biðleik. Hún móttast hins vegar af þeirri staðreynd að hvorki inn- ganga í ESB né upptaka evrunnar sem gjaldmiðils verður að veruleika án verulegs aðdraganda – þar er um að ræða ferli sem óhjákvæmilega tekur nokkur ár. Hér innanlands þarf auðvitað fyrst að útkljá margvíslegar pólitískar og

stjórnskipulegar spurningar. Það þarf að ákveða hvernig staðið yrði að aðildarumsókn – ætti það að vera ákvörðun Alþingis og ríkisstjórnar eða ætti að fara fram um það sérstök þjóðaratkvæðagreiðsla eins og margir hafa lagt til að undanförunu? Hvernig þyrfti að breyta stjórnarskránni til að ESB-aðild yrði möguleg? Hver ættu samningsmarkmið okkar að vera, svo það helsta sé nefnt. Þá þyrfti auðvitað líka að klára sjálfa samningana við ESB, sem óhjákvæmilega tæki líka nokkurn tíma. Þann tíma má auðvitað stytta með því að ganga skilmálalítið eða skilmálalaust að kröfum sambandsins, en ólíklegt verður að teljast að um slíka nálgun næðist mikil samstaða hér innanlands. Þá eru allir sammála um að um ESB-aðild verði ekki tekin endanleg ákvörðun fyrir en lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu. En jafnvel að samningum samþykktum og undirrituðum væri eftir formlegt ferli innan ESB, sem líka tæki tíma, ekki síst vegna þess að aðildarsamningur þyrfti staðfestingu á þjóðþingum allra aðildarríkjanna áður en hann tæki gildi. Og þá fyrst, að öllu þessu loknu, tæki við formlegur aðlögunartími að myntbandalaginu, sem í stysta lagi tekur tvö ár miðað við regluverk ESB, en hætt er við að verði lengri í ljósi þess hversu langt við eigum í land með að uppfylla hin margnefndu Maastricht-skilyrði miðað við stöðu efnahagsmála í dag.

Ég get ekki frekar en aðrir fullyrt hvenær við gætum í fyrsta lagi tekið upp evruna í ljósi allra þessara staðreynda. Ýmsir hafa nefnt 4 til 6 ár og verður það að teljast frekar bjart-

» ... væri ekki nær að við reyndum að sameinast um þau viðfangsefni, sem við blasa í efnahagslífi þjóðarinnar og krefjast úrlausnar þegar í stað.

sýnt mat, sem byggir á því að engir sérstakir hnökur verði á ferlinu. Það má auðvitað kalla tillögu mína biðleik, en með sama hætti mætti kalla flesta leiki biðleiki í ljósi þess hversu langt er þar til upptaka evrunnar væri möguleg.

**Mun ESB-aðild sem slík stuðla að stöðugleika?**

Vissulega má færa ákveðin rök fyrir því að aðildin sem slík og formlegt aðlögunarferli að stöðugleika-skilyrðum myntbandalagins myndi auka aðhald að stjórnvöldum. Á hitt ber að líta, að reynsla annarra þjóða er mjög misjöfn í þessu sambandi. Þar má benda á að Ungverjaland og Eystrasaltsríkin eru enn mjög langt frá því að uppfylla þessi skilyrði, þrátt fyrir að þau hafi verið aðilar að ESB í fjögur ár og allan þann tíma stefnt að því að taka upp evruna. Í opinberum gögnum frá Ungverjalandi kemur fram að þarlend stjórnvöld telji að enn geti liðið 4 til 6 ár áður en af gjaldmiðilsbreytingunni geti orðið. Og benda má á að staða þeirra innan ESB megnaði ekki að forða þeim frá fjármálakreppu, ekki ólíkri þeirri sem við búum við, og stuðningur Seðlabanka Evrópu við Ungverja kom ekki til sögunnar fyrir en nú fyrir fáeinum dögum, eða um sama leyti og þeir voru að semja við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um stuðning með sama hætti og við erum að vinna að þessa dagana. Þetta sýnir svo ekki verður um villst að það er hæpið að fullyrða, eins og margir ESB-sinnar gera, að ESB-aðild, eða ESB-aðild, fæli í sér einhverja sérstaka vörn fyrir íslenskt efnahagslíf. Ég er hræddur um að slík viðhorf móttist meira af óskhyggju en raunsei.

### Óhjákvæmileg átök

Þriðja atriðið, sem höfundur Reykjavíkurbreðs vikur að í skrifum sínum, er að engin ástæða sé til að hafa áhyggjur af klofningi þjóðarinnar í þessum málum ef mikill meirihluti þjóðarinnar vilji aðild að ESB og upptöku evru. Meirihlutinn eigi auðvitað að ráða og minnihlutinn verði að sætta sig við þá niðurstöðu. Þetta er auðvitað rétt svo langt sem það nær. Bréfritari horfir hins vegar fram hjá því að á leiðinni til aðildar og evru þarf að taka margar ákvarðanir, sem óhjákvæmilega verða umdeildar og munu skipta þjóðinni í andstæðar fylkingar. Það þarf engan sérstakan spámann til að sjá fyrir þær deilur, sem munu verða um ákvörðun um aðildarumsókn, ákvörðun um samningsmarkmið, breytingu á stjórnarskránni til að heimila fullveldisframsal og hvað þá hina endanlegu ákvörðun um aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu. Engin skref verða tekin á þessari leið nema að undangengnum miklum umræðum og átökum.

Það er áreiðanlega rétt mat að við Íslendingar getum ekki vikist undan því að fara í gegnum þessar umræður á næstu árum. Hér er um að ræða stórmál, sem auðvitað verður að leiða til lykta fyrir eða síðar. Þegar kemur að því að útkljá ágreininginn munu þessi átök yfirskuggja öll önnur viðfangsefni á vettvangi stjórnmalanna. Ekki er við öðru að búast enda er um að ræða ákvarðanir sem verða afdrifaríkar fyrir allt þjóðfélagið um langa framtíð. Verði tekin ákvörðun um ESB-aðild er ljóst að þar er ekki um að ræða neina bráðabirgðaákvörðun til að mæta tilteknum erfiðleikum eða tímabundnum vanda. Slíki ákvörðun er ætlað að standa um áratugaskeið. Spurningin sem ég veit fyrir mér er sú, hvort þessar deilur séu brýnasta verkefnið í dag og á næstu mánuðum eða hvort ekki væri nær að við reyndum að sameinast um þau viðfangsefni, sem við blasa í efnahagslífi þjóðarinnar og krefjast úrlausnar þegar í stað. Eg taldi – og tel enn – að það geti verið raunhæft fyrir okkur að ná breiðri samstöðu um að vinna að því að uppfylla Maastricht-skilyrðin, enda miða þau óumdeil-anlega að þeim efnahagslega stöðugleika, sem enginn getur efast um að við þurfum sárlega á að halda.

Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

### BLOG.IS

Friðrik Þór Guðmundsson | 11. nóv.

#### Mistök ...



Þetta er auðvitað með eindæmum bæði klaufalegt og illkvitnislegt hjá Bjarna Harðarsyni að hafa ætlað að koma af stað fréttaflutningi af

óánægju framsóknarmanna með Valgerði Sverrisdóttur, fyrrverandi bankamálaráðherra. Aðferðafræði Bjarna er í raun gamalkunn í pólitískri togstreitu manna, flokka á milli og innan flokka. Dreifa einhverju neikvæðu um óvininn! Hitt er annað mál að bréf framsóknarmannanna frá Varmahlíð er réttmæt gagnrýni á Valgerði og fjallar um hlut hennar í hrúninu mikla. Og þar erum við að tala um miklu stærri og hroðalegri mistök en Bjarni greiði gerði sig sekan um. ...

Meira: [lillo.blog.is](http://lillo.blog.is)

Marínó G. Njálsson | 11. nóvember

#### Aukalán LÍN ...



Það er komin inn frétt á vef LÍN um aukalán fyrir námsmenn í sárrí neyð skólaárið 2008-09. Þar segir:

„Ef námsmaður er í sárrí neyð vegna ófyrirsjáanlegrar röskunar á stöðu hans og högum frá því nám hófst í haust, getur hann sótt um sérstakt aukalán, sbr. heimild í gr. 4.9 í úthlutunarreglum sjóðsins. ...Ef slíkt aukalán verður samþykkt, þá verður það greitt út með framfærsluláni.“

Ég veit ekki hvort ég á að taka þetta alvarlega. Námsmenn eru margir í alvarlegum og brýnum fjárhagsvanda, en það á að leysa hann á næsta ári! ...

Meira: [marinogn.blog.is](http://marinogn.blog.is)

Friðrik Hansen Guðmundsson | 11. nóv.

#### Landflóttinn hafinn

Þetta er skelfilegt. Nú erum við að byrja að missa allt okkar áráðasta fólk úr landi. Ekkert virðist vera í gangi hjá hinu opinbera nema meiri og meiri niðurskurður, nú síðast var verið að fresta framkvæmdum við Búðarhálsvirkjun. Átla menn að sigla án nokkurrar viðspyrnu beint inn í færeysku leiðina og missa heila kynslóð ungs barnafólks úr landi? Þið sem sitjið við stjórnvöllinn, á ekkert að gera?

Meira: [fhg.blog.is](http://fhg.blog.is)